




VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Sandgerðisskóli



Almannavarnardeild
ríkislögreglustjóra

Sóttvarnalæknir

Efnisyfirlit

1. Inngangur að viðbragðsáætlun	3
2. Heimsfaraldur influensu	4
2.1 Skeið heimsfaraldra	4
3. Skilgreiningar.....	6
3.1 Skammstafanir og orðskýringar	6
3.2 Háskastig almannavarna	6
4. Virkjun viðbragðsáætlana	9
4.2 Aðgerðastjórn Suðurnesjabæjar	9
5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans	11
6. Starfssvæði skólans og umfang	12
7. Viðbragðsáætlun Sandgerðisskóla við heimsfaraldri influensu	13
8. Samskiptaleiðir.....	15
9. Dreifingarlisti.....	16
10. Breytingasaga.....	17

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í *Sandgerðisskóla* í samræmi við áætlun Almannafráttanna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur og er í fullu samræmi við viðbragðsáætlun Suðurnesjabæjar.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Viðbragðsáætlunir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum skólastjórnenda Sandgerðisskóla. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólöggráða nemenda. Hún er aðgengileg á vefsíðu skólans www.sandgerdisskoli.is.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Suðurnesjabær, mars 2020

Hólfríður Árnadóttir,
Skólastjóri Sandgerðisskóla

2. Heimsfaraldur inflúensu

Saga heimsfaraldra inflúensu

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrjár heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheidi og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Skæð inflúensa af stofninum A(H1N1) geisaði seinni helming ársins 2009. Þá var Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu virkjuð á hættustigi um nokkurra mánaða skeið. Innlagnir á sjúkrahús vegna inflúensunnar voru um 180, um 20 einstaklingar þurftu á öndunaraðstoð að halda á gjörgæsludeild og tvö dauðsföll voru staðfest. Samráð var aukið og vikulegir fundir voru haldnir með sóttvarnalæknum, stjórnendum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og yfirmönnum Landspítalans. Innlagnir vegna inflúensunnar voru vaktaðar í samstarfi við sjúkrahúsin og tölur um innlagnir gáfu góða yfirsýn um framgang inflúensunnar. Upplýsingamiðlun til almennings og fagaðila var augin og vefurinn www.influensa.is var opnaður. Frá 10. júlí–31. desember 2009 voru skráðar 57 fréttatilkynningar á vefinn. Fræðslufundir voru fjölmargir, nefna má fundi fyrir heilbrigðisstarfsmenn, skólustjórnendur, lögreglustjóra, starfsfólk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, neyðarverði Neyðarlínunnar og starfsfólk upplýsingasíma Rauða krossins, 1717.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 27. apríl 2016 og er að finna á www.almannavarnir.is, www.landlaeknir.is og www.influensa.is


2.1 Skeið heimsfaraldra

Í leiðbeiningum WHO er stöðu heimsfaraldurs inflúensu skipt í fjögur skeið, (mynd 2-1). Þessi skeið endurspeglar áhættumat (risk assessment) WHO á inflúensuveirum sem geta valdið heimsfaraldri og sýkja menn. Áhættumatið byggir á upplýsingum sem fást við rannsóknir á veirunni, faraldsfræði sýkingarinnar og klínískum einkennum. Skipting í ólík skeið kemur víða að gagni þ. á m. við gerð viðbragðsáætlana á skeiði milli heimsfaraldra, undirbúningi aðgerða á viðvörðunarskeiði og viðbrögðum á skeiði heimsfaraldurs. Þjóðir heimsins eru hvattar til þess að taka mið af skeiðum WHO við gerð viðbragðsáætlana.

Mjög er breytilegt hvaða hættur geta steðjað að á ólíkum svæðum. Áhættumatið getur því verið breytilegt milli landa, því það tekur mið af þeirri vaxandi steðjar að í hverju landi. WHO hvetur þjóðir heims til að láta eigið áhættumat á ástandinu hverju sinni ráða því hvaða háskastigi er lýst yfir og

Þjóðir heimsins geta því á sama tíma starfað á mismunandi skeiðum WHO. Tekið skal fram að heimsfaraldur getur skolið á með stuttum fyrirvara og viðvörunarskeið getur verið mjög stutt.

Á skeiðum á milli heimsfaraldrá geta komið upp nýjar undirtegundir inflúensuveiru í dýrum með stöku smiti yfir í menn, en veiran hefur ekki aðlagast mönnum og hún smitar ekki manna á milli.



Mynd 2-1 Skeið heimsfaraldrá samkvæmt WHO. Endurtekið áhættumat byggir á rannsóknum á veirunni, faraldsfræði og klínískum einkennum.

Skeið á milli heimsfaraldrá – (interpandemic phase) Þetta eru tímabil á milli heimsfaraldrá inflúensu.

Viðvörunarskeið – (alert phase) Þetta er skeið þegar nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum. Ástæða þykir til mikillar árvekni og ítarlegs áhættumats, á meðal þjóða heims og á heimsvísu. Ef áhættumat bendir til að nýja veiran sé ekki líkleg til að valda heimsfaraldri skal dregið úr aðgerðum að nýju með stefnuna á skeið milli heimsfaraldrá.

Skeið heimsfaraldurs – (pandemic phase) Á þessu tímabili breiðist inflúensa af nýrri undirtegund inflúensuveiru út um heiminn. Skipting á milli skeiða getur gerst ýmist hratt eða hægt, eða eins og áhættumat fyrir heiminn bendir til. Áhættumatið byggir fyrst og fremst á rannsóknum á veirunni, faraldsfræðiupplýsingum og klínískum einkennum.

Skeið réunar – (transition phase) Hætta í heiminum dvínar og það getur dregið úr viðbrögðum á heimsvísu. Hjá þjóðum heims geta aðgerðir minnkað í samræmi við niðurstöður eigin áhættumats. Einnig getur verið viðeigandi að hefja aðgerðir til uppbyggingar, í samræmi við eigið áhættumat

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Skilgreiningar

3.1 Skammstafanir og orðskýringar

Skammstöfun	Þýðing
AR	Sýkingartíðni (Attack rate)
ASÍ	Alþýðusamband Íslands
AST	Aðgerðastjórn
Avd-RLS	Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
AVN/Av-nefnd	Almannavarnanefnd
BHM	Bandalag háskólamanna
BSRB	Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
CFR	Dánarhlutfall sjúkdóms (Case fatality ratio)
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control)
EL	Embætti landlæknis
EMA	Lyfjastofnun Evrópu (European Medicines Agency)
FME	Fjármálaeftirlitið
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
SAK	Sjúkrahúsið á Akureyri
GR	Geislavarnir ríkisins
HS	Heilbrigðisstofnun
IHR	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (International Health Regulations)
LSH	Landspítali
LST	Lyfjastofnun
MAST	Matvælastofnun
RB	Reiknistofa bankanna
RKÍ	Rauði krossinn á Íslandi
RLS	Ríkislögreglustjórnin
RÚV	Ríkisútvarpið
SAF	Samtök ferðaþjónustunnar
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, verkþáttaskipurit almannavarna
SFF	Samtök fjármálafyrirtækja
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir
SVL	Sóttvarnalæknir
UMH	Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar
UST	Umhverfisstofnun
VEL	Velferðarráðuneyti
VST	Vettvangsstjórn
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization)

3.2 Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Háskastig viðbragðsáætlana skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að. Í áætlunum WHO er gert ráð fyrir fjórum skeiðum, sem byggja á dreifingarhraða veirunnar og

alvarleika sjúkdómsins sem hún veður. Áætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig (háskastig): **Óvissustig, hættustig og neyðarstig** og þessi stig hafa verið aðlöguð að skeiðum heimsfaraldra samkvæmt flokkun WHO. Á skeiði milli heimsfaraldra samkvæmt flokkun WHO er ólíklegt að áætlun verði virkjuð samkvæmt háskastigum almannavarna. Á þessum tímum geta nýir undirflokkar inflúensu greinst í mönnum en sýking á milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og WHO telur ekki ástæðu til aukinnar árvekni meðal allra þjóða heims vegna veirunnar. Ef WHO veur athygli á nýjum veirustofni og telur ástæðu til aukinnar árvekni meðal þjóða heims, skal sóttvarnalæknir framkvæma áhættumat og meta hvort þörf sé á virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Atburðarásin í heimsfaraldri getur verið mjög breytileg og sveigjanleiki við notkun viðbragðsáætlunarinnar er því nauðsynlegur. Ákvörðun um háskastig er tekin eftir að niðurstöður áhættumats liggja fyrir og einungis eru virkjaðar þær aðgerðir innan hvers háskastigs sem taldar eru líklegar til að skila árangri.

3.2.1 Óvissustig

Greining og undirbúningur - viðvörðunarskeið

Skilgreining

Óvissustig samsvarar viðvörðunarskeiði (e. alert phase) samkvæmt flokkun WHO. Nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árvekni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi.

Ráðstafanir

- Allir skólar geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum skólans og að einn starfsmaður verði ábyrgur fyrir áætlunargerðinni.
- Gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingakerfi skólans svo sem símasvörun tölvupóst, nettengd kennslukerfi og heimasíðu.
- Skólastjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með skólanum að undirbúningi.
- Yfirfara allar boðleiðir.
- Kortleggja tengsl skólans við almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu.

3.2.2 Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu - viðvörðunarskeið

Skilgreining

Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hættu er á heimsfaraldri. Sýking hefur ekki verið staðfest hérlandis.

Ráðstafanir

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað skóla (grímur, hanskar o.fl.).
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð þegar börn og kennarar fara að veikjast.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar skólans, komi til lokunar.
- Skrá fjarvistir nemenda vegna veikinda í Mentor.

3.2.3 Neyðarstig

Viðbrögð við atburði – skeið heimsfaraldurs skv WHO

Skilgreining

Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða nýr stofn influensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir

- Opinberir skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur séu sendir heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í heimanámi.
- Skrá fjarvistir nemenda vegna veikinda í Mentor.

Virkjun

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og mælir fyrir um sóttvarnaráðstafanir undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt 12. grein sóttvarnalaga getur ráðherra, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, fyrirskipað skimun á landamærastöðvum, úrskurðað fólk í sóttkví/afkvíun þar á meðal heimasóttkví/heimaafkvíun, fyrirskipað samkomubann, afkvíun landsins í heild og innanlands í sóttvarnasvæði. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram en gera skal ráðherra jafnskjótt kunnar sínar ráðstafanir. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögreglu yfirvalda ef þarf. Sóttvarnaráðstafanir geta verið þess eðlis að ólíklegt sé að til þeirra verði gripið án samráðs ráðherra í ríkisstjórn vegna þess að þær varða allt svið samfélagsins.

Þær eru:

- Fyrirmæli um samkomubann, lokun skóla og annarra samkomustaða.
- Fækkun landamærastöðva þar sem sett verður upp sóttvarnaskimun.
- Afkvíun alls landsins með lokun landamæra.
- Afkvíun landshluta með lokun á milli sóttvarnaumdæma.
- Ákvörðun um að aflétta ofangreindum ráðstöfunum.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á virkjun áætlunarinnar að höfðu samráði við almannavarnir. Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin eru viðbragðsaðilar boðaðir og upplýstir um háskastig (óvissustig, hættustig, neyðarstig). Sóttvarnalæknir skal upplýsa ráðherra um virkjun áætlunarinnar svo fljótt sem verða má. Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir bera sameiginlega ábyrgð á boðun.

3.2.4 Afboðun

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og afléttir sóttvarnaráðstöfunum í samráði við almannavarnir og í samstarfi við umdæmislækna sóttvarna og svæða. Sóttvarnalæknir upplýsir ráðherra um afléttingu ráðstafana um leið og ákvörðun hefur verið tekin.

3.2.4 Opinberar sóttvarnarráðstafanir

Samkomubann

Í samkomubanni felst að fjöldsamkomur eru óheimilar svo sem fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og kirkjuathafnir, t.d. guðsþjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Samkvæmt sóttvarnalögunum er það heilbrigðisráðherra sem kveður á um samkomubann samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. grein sóttvarnalaga nr. 19/1997). Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við Innanríkisráðuneyti og lögreglustjóra. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni er það hlutverk heilbrigðisráðherra að aflétta samkomubanni samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis

Takmarkanir á ferðafrelsi

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, að takmarka ferðafrelsi manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna (sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997). Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við innanríkisráðuneyti og lögreglustjóra.

4. Virkjun viðbragðsáætlana

Virkjun viðbragðsáætlunar og aðgerðastjórn Suðurnesjabæjar

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðherra bera ábyrgð á sóttvörnum í landinu og mæla fyrir um sóttvarnaráðstafanir.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á að tilkynna um virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Stjórnendur skulu umsvifalaust koma boðum þar um til sinna starfsmanna. Bæjarstjóri skal upplýsa stjórnendur sveitarfélagsins um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni. Stjórnendur skulu umsvifalaust koma boðum þar um áfram til sinna starfsmanna.

4.2 Aðgerðastjórn Suðurnesjabæjar

Aðgerðastjórn Suðurnesjabæjar er skipuð bæjarstjóra og sviðsstjórum stjórnisýslusviðs, skipulags- og umhverfissviðs og fjölskyldusviðs. Aðgerðastjórn gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig

faraldursins hverju sinni. Annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað auk sóttþreinsibúnaðar og umgengisreglna. Stjórnendur hveffrar stofnunar sjá um samskipti við starfsfólk vegna veikinda og fjarveru og ber stjórnendum að upplýsa aðgerðastjórn um veikindi, hvort starfsfólk er í sóttkví og aðrar áhættur sem mikilvægt er að meta, s.s. það að starfsfólk dvelji erlendis.

Lykilstarfsfólk

Bæjarstjóri Magnús Stefánsson	Staðgengill Bergný Jóna Sævarsdóttir
Sviðsstjóri stjórnýslusviðs Bergný Jóna Sævarsdóttir	Staðgengill Magnús Stefánsson
Sviðsstjóri skipulags-og umhverfissviðs Jón Ben Einarsson	Staðgengill Einar Friðrik Brynjarsson
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Guðrún Björg Sigurðardóttir	Staðgengill María Rós Skúladóttir (félagsþjónusta), Kristín Helgadóttir (fræðsludeild), Rut Sigurðardóttir (frístundir og forvarnir)
Mannauðsstjóri Halla Þórhallsdóttir	Staðgengill Bergný Jóna Sævarsdóttir
Fjármálastjóri Elísabet Þórarinsdóttir	Staðgengill Bergný Jóna Sævarsdóttir
Deildarstjóri félagsþjónustu María Rós Skúladóttir	Staðgengill Guðrún Björg Sigurðardóttir
Deildarstjóri fræðslumála Kristín Helgadóttir	Staðgengill Guðrún Björg Sigurðardóttir
Deildarstjóri frístundaeildar Rut Sigurðardóttir	Staðgengill Guðrún Björg Sigurðardóttir

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna inflúensu eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætlana skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

Óvissustig

Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

Hættustig

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)

Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Skólastjóri, **Hólmfríður Árnadóttir** er forstöðumaður og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart bæjarstjórn, bæjarstjóri er **Magnús Stefánsson**. Skólastjóri stjórnar skólanum ásamt aðstoðarskólastjóra, **Bylgju Baldursdóttur** og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra ef svo ber undir. Tveir deildastjórar, **Fríða Stefánsdóttir** og **Erla Björg Rúnarsdóttir** starfa við skólann og stýra faglegu starfi. Húsvörður, **Hannes Jón Jónsson** er starfandi við skólann og sér um viðhald og umsjón fasteigna hans. Ritari skólans, **Inga Snæfells Reimarsdóttir** gegnir lykilhlutverki við miðlun og samræmingu upplýsinga í samráði við stjórnendur skólans. Öryggisráðgjafi skólans er **Örn Evar Hjartarson**.

Við skólann er fræðsluráð, foreldraráð, foreldrafélag og skólaráð. Formaður fræðsluráðs er **Elín Gissurardóttir**.

Húsnæði Sandgerðisskóla, Bókasafnsins í Sandgerði, Tónlistarskóla Sandgerðis, frístundaheimilisins Skólasels og Íþróttamiðstöðvar er sameiginlegt og er innan gengt er milli bygginga. Skólastjóri Tónlistarskóla er Halldór Lárusson, forstöðumaður íþróttahúss er Jón Hjálmarsson. Skólasel er starfrækt er frá kl. 13:25-16:15 alla virka daga, á skólatíma. Umsjónarmaður Skólasels er **Heiða Rafnsdóttir**. Skólahjúkrunarfræðingur, **Guðfinna Eðvarðsdóttir** hefur viðveru tvo daga í viku. Starfsræksla og umsjón skólahjúkrunar er í höndum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

6. Starfssvæði skólans og umfang

Sandgerðisskóli stendur við Skólastræti, 245 Sandgerði/Suðurnesjabæ. Ekið er inn frá Suðurgötu, bílastæði er vestan við skólabyggingu (sjá kort). Inngönguleiðir í grunnskólann er á átta stöðum að meðtöldum inngöngum í íþróttamiðstöð og Tónlistarskóla. Skrifstofa ritara, skrifstofur stjórnenda og vinnuaðstaða kennara ásamt kaffistofu starfsmanna er staðsett á annarri hæð í nýbyggingu.

Í grunnskólanum eru 67 starfsmenn og 278 nemendur, á aldrinum 6 til 16 ára, voru skráðir í skólann haustið 2019.



7. Viðbragðsáætlun Sandgerðisskóla við heimsfaraldri influensu

Hver annast verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar í hverjum skóla?

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar koma að gerð þessarar áætlunar, uppfærslu hennar og virkjunar ásamt ritara skólans og umsjónarmanni. Allir þessir aðilar hafa samráð sín á milli, vinna eftir leiðbeiningum sóttvarnarlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og leita eftir hjálp hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ef talin er þörf á.

Hvernig á að upplýsa nemendur, starfsmenn og aðstandendur um influensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig draga meggi úr smitleiðum? Þarf að endurskipuleggja ræstingu í þessu skyni eða útvega hlífðarbúnað?

Fræðsluefni frá landlækni og almannavörnum er miðlað til starfsmanna, kennarar og starfsfólk sjá um miðlun upplýsinga og fræðslu til nemenda. Áætlun um þrif tekur tillit til yfirvogandi ástands. Handspritt er aðgengilegt starfsmönnum sem og nemendum. Á heimasíðu skólans er bent á gagnlegar upplýsingar. Veggspjöld sem minna á mikilvægi hreinlætis hafa verið hengd upp.

Áfram er unnið að fræðslu m.a. með umfjöllun á starfsmannafundum, bekkjarfundum nemenda, tölvupóstskreytum til forráðamanna og með fræðsluerindum á heimasíðu. Þær upplýsingar miða að því að eyða óþörfum ótta og að tekist sé á við hugsanlega vág af yfirvegum, festu og þekkingu. Hér kemur margt til greina, fyrirlestrar, heimasíður, veggspjöld, dreifing gagna. Grunnupplýsingar má finna á www.almannavarnir.is og á www.landlaeknir.is.

Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?

Veikist nemendur skólans eiga forráðamenn þeirra að halda þeim heima og grípa til ráðstafana í samráði við lækna og hjúkrunarfólk, gerist þess þörf. Forráðamönnum nemenda ber að tilkynna um forföll nemenda vegna veikinda. Vegna öryggisástæðna ber að tilkynna daglega um veikindi svo lengi nemendur eru frá vegna veikinda. Sé um að ræða smitsjúkdóm, bráðsmitandi influensu, njálg, lús eða annað sem kann að hafa smitandi áhrif ber að tilkynna það til skólans og þurfa þær upplýsingar einnig að berast til skólahjúkrunar.

Tilkynnt er út í skólasamfélagið, með töskupósti, gegnum heimasíðu skólans og/eða tilkynningum með tölvupósti, komi upp staðfest tilfelli smitsjúkdóma. Tilkynning skal miðast við að hefta frekari útbreiðslu og skal miða að því að eyða, eins og áður sagði óþörfum ótta og koma gagnlegum upplýsingum til hlutaðeigandi aðila.

Hvernig er skipulagning afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda hjá þeim kemur?

Skólastjóri er forstöðumaður og ber ábyrgð á starfi skólans, aðstoðarskólastjóri er staðgengil hans. Í stjórnendateymi skólans eru einnig tveir deildarstjórar sem bera ábyrgð komi til þess að skólastjóri og aðstoðarskólastjóri séu báðir frá vegna veikinda. Ritari og umsjónamaður ásamt trúnaðarmönnum starfsmanna og kjörnum fulltrúum í kennararáði og fræðsluráði koma saman ef til neyðar kemur. Eftir aðstæðum ákveða þeir í samráði við bæjarstjóra og deildarstjóra fræðsluviðs í Suðurnesjabæ, næstu skref varðandi stjórnun skólans.

Komi til lokunar skóla

Hvernig verður lokun auglýst og aflýst?

Stjórnendur koma skilaboðum beint til starfsmanna á fundi eða gegnum síma. Komi til lokunar verður hún auglýst á heimasíðu skólans www.sandgerdisskoli.is, send verður tilkynning með tölvupósti til skráðra vefpóstsnotenda, tilkynningu um lokun þarf að setja upp við alla innganga í skólann, auk tilkynningar í útvarpi (RÚV og Bylgjan) sé um skyndilokun að ræða. Þá verður einnig send tilkynning til umsjónarmanna vefsíðanna www.sudurnesjabaer.is og www.vf.is og þeir beðnir um að koma upplýsingum varðandi lokun á framfæri. Bæjarstjóra er tilkynnt um lokun auk formanna fræðsluráðs og foreldrafélags.

Aflýsing fer fram með sama hætti, opnun auglýst sem víðast, heimasíða og símar nýttir auk ljósvakamiðla eftir aðstæðum.

Hvaða boðleiðir til og frá skóla haldast opnar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi?

Á heimasíðu skólans www.sandgerdisskoli.is verða settar inn nýjustu upplýsingar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi. Eftir föngum verður símasamband við skólann tryggt og upplýsingum miðlað í samráði við HSS, lögreglu og Almannavarnir. Komi til alvarlegri aðstæðna nýtum við aðra miðla þar sem Ríkisútvarpið gegnir lykilhlutverki.

Hvernig má halda samstarfi/sambandi við heimili barna?

Heimasíða skólans www.sandgerdisskoli.is og póstlistar á www.mentor.is, facebook síða skólans ásamt vefsíðu bæjarins www.sudurnesjabaer.is verða helstu upplýsingaveitur skólans. Annars verðu sími nýttur til þess að koma nauðsynlegum upplýsingum til foreldra og forráðamanna. Þá verða auglýsingar sendar út í gegnum aðra ljósvakamiðla eftir aðstæðum.

Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?

Komi til lokunar í lengri tíma verður unnið í samráði við yfirvöld menntamála að því að fyrirkomulagi fjarkennslu í einhverri mynd.

Hvernig verður tryggð umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?

Umsjónarmaður fasteigna og skólastjóri, í samráði við öryggistrúnaðarmann og yfirmenn Suðurnesjabæjar, munu tryggja umsýslu fasteigna meðan á lokun stendur.

Hvernig verður staðið að skipulagningu skólastarfs eftir opnun?

Ef til lokunar kemur kallar skólastjóri allt starfsfólk til fundar þegar kemur að opnun á nýjan leik. Þá þarf að endurmeta starfsemi og setja fram ný markmið með endurskoðun kennsluáætlna. Þegar grunnþættir eðlilegs skólastarfs eru komnir af stað er að nýju kallað til funda. Þá þarf e.t.v. að endurskoða skóladagatal, námsmat og annað fyrirkomulag sem að nemendum snýr.

8. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Staða/starf	Nafn	Netfang	GSM-sími
<i>Skólastjóri</i>	Hólmfríður Árnadóttir	holmfridur@sandgerdiskoli.is	820-3140
<i>Aðstoðarskólastjóri</i>	Bylgja Baldursdóttir	bylgja@sandgerdiskoli.is	899-6377
<i>Deildarstjóri</i>	Fríða Stefánsdóttir	frida@sandgerdiskoli.is	691-9237
<i>Deildarstjóri</i>	Erla Björg Rúnarsdóttir (í leyfi) Margrét Bjarnadóttir	erla@sandgerdiskoli.is margret@sandgerdiskoli.is	848-6460 691-8622
<i>Öryggistrúnaðar- maður</i>	Örn Ævar Hjartarson	orn@sandgerdiskoli.is	895-6481
<i>Húsvörður</i>	Hannes Jón Jónsson	hannes@sandgerdiskoli.is	861-9891
<i>Ritari</i>	Inga S. Reimarsdóttir	ritari@sandgerdiskoli.is	847-5296
<i>Bæjarstjóri</i>	Magnús Stefánsson	magnus@sudurnesjabaer.is	861-8889
<i>Formaður fræðsluráðs</i>	Elín Björg Gissurardóttir	elin@sudurnesjabaer.is	697-8022
<i>Deildarstjóri fræðsluviðs</i>	Kristín Helgadóttir	kristin@sudurnesjabaer.is	691-3816


9. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: www.sandgerdiskoli.is

Innri vefur skólans : sameign\$ (\sandskoli) / vidbragdsaaetlun_influensu

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Skrifstofa skólans (hjá Ingu ritara)	6 stk.
Vinnurými kennara	1 stk.
Skrifstofa skólastjóra	1 stk.
Kaffistofa starfsfólks	1 stk.
Skrifstofa deildarstjóra	1 stk.



10. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	11/08/2009	Sett upp	FDH og EY
2.0	23/09/2009	Viðbragðsáætlun skóla birt á vefsíðu og kynnt á morgunfundi starfsmanna eftir staðfest tilfelli meðal nemenda	FDH og EY
3.0	14/10/2009	Viðbragðsáætlun skóla yfirfarin og endurbætt lítillega.	FDH og EY
4.0	18/02/2020	Uppfærð viðbragðsáætlun skóla byggð á 2. útg frá Almannavörnum birt á nýrri vefsíðu og kynnt starfsfólki	HÁ
5.0	17/03/2020	Uppfærð viðbragðsáætlun skóla byggð á 2. útg frá Almannavörnum og viðbragðsáætlun Suðurnesjabæjar	HÁ